

Nd.

372. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Fyrstu málsgrein 15. gr. laganna skal orða svo:

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar eftir almennum áfrýjunarreglum. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsg., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

2. gr.

Ákvæði 28. gr. laga nr. 22, 6. okt. 1919, skulu einnig ná til þeirra merkjadóma, sem upp hafa verið kveðnir síðustu 3 ár áður lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.